

SAMÞYKKT

um fráveitu Hveragerðis.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu Hveragerðis.

Um ábyrgð Hveragerðisbæjar á uppbyggingu fráveitu Hveragerðis, forgangsrétt til þess að starfrækja fráveitu og framsal einkaréttar bæjarins fer samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

2. gr.

Markmið Hveragerðisbæjar er að tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitu Hveragerðis þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að hagkvæmni og öryggi í uppbyggingu og starfrækslu fráveitunnar og veita notendum fráveitunnar, íbúum og atvinnulífi, sem besta þjónustu.

3. gr.

Hveragerðisbær starfrækir fráveitu í Hveragerði.

Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd fráveitumála í Hveragerði og uppbyggingu og viðhaldi fráveitunnar, lagningu fráveitukerfis og byggingu annarra mannvirkja sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar, svo sem dælu- og hreinsistöðva.

Bæjarstjórn semur langtímaáætlun fyrir fráveituna þar sem m.a. er gerð grein fyrir áformum og framkvæmdum fráveitunnar á næstu fimm árum hið skemmsta.

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur umsjón með uppbyggingu fráveitunnar og annast daglegan rekstur hennar í umboði bæjarstjórnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá fráveitu Hveragerðis í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og hefur eftirlit með fráveitu Hveragerðis.

4. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðis semur gjaldskrá fyrir fráveituna þar sem kveðið er nánar á um álagningu og innheimtu gjalda sem heimilt er að innheimta samkvæmt V. kafla laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og auglýsir gjaldskrána og breytingar á henni. Í gjaldskrá skal koma fram hvort í gildi eru reglur um niðurfellingu eða afslátt gjalda.

5. gr.

Ef hús liggur við götu eða opið svæði í þéttbýli þar sem uppbygging fráveitu er skylduverkefni Hveragerðisbæjar og þar sem ekki eru til staðar götulagnir eða stofnlagnir fráveitu sér Hveragerðisbær um að lögð sé frá því fráveita, lagnakerfi og/eða hreinsivirki, sem samþykkt er af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og skipulags- og byggingarfulltrúa. Lóðarhafi greiðir raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við lagnakerfi bæjarins eða gerð hreinsivirkis sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands samþykkir. Hreinsivirkið og lagnakerfi innan lóðar er eign lóðarhafa.

Þar sem hús er þannig hæðarsett að það getur ekki tengst götulögnum eða stofnlögnum fráveitu án sérstakra ráðstafana skal fasteignareigandi, ef þess er krafist, kosta gerð dælubúnaðar, sem verður hans eign og skal hann annast og kosta rekstur hans.

6. gr.

Starfsmenn fráveitu Hveragerðis eða verktakar á þeirra vegum skulu, eftir því sem nauðsyn krefur og að höfðu samráði við húseigendur, hafa frjálstan aðgang að fráveitulögnum í eigu Hveragerðisbæjar til viðhalds og eftirlits að því marki sem kvöð innan lóðar segir til um. Hið sama gildir um lönd þar sem fráveituæðar liggja.

7. gr.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða eða endurnýjunar á fráveitukerfi, getur fráveita Hveragerðis, í samráði við vatnsveitu, fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Tilkynna skal fyrirfram um slíkar takmarkanir ef unnt er.

Fráveita Hveragerðis ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi fráveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna veitunnar.

8. gr.

Fráveitan í Hveragerði er að mestu leyti tvískipt, skólþ- og ofanvatnsveita. Í nokkrum götum bæjarins er þó að finna blandaða fráveitu. Í allar nýjar götur er lagt tvískipt fráveitukerfi. Stefnt er að því að við endurnýjun fráveitulagna þar sem nú er blandað fráveitukerfi, verði lagt tvískipt fráveitukerfi.

Tæknideild bæjarins ákveður legu fráveitulagna og staðsetningu tengigreina.

Allt skólþ frá byggð á að fara í hreinsivirki, sem samþykkt er af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands áður en því er veitt í viðtaka.

9. gr.

Þar sem fráveita Hveragerðis nær til skal húseigendum séð fyrir tengingu frá götulögnum að lóðamörkum húseigna. Þar sem lagnir fráveitu Hveragerðis liggja um lóðir skal lóðarhöfum séð fyrir tengigreinum inn á lagnirnar.

Þegar um fjölbýlis- eða raðhúsalóðir er að ræða er heimilt að leggja kvöð á lóðirnar um sameiginlegar tengingar við götulögn.

Húseigendum, sem eiga fasteignir við vegi eða opin svæði, þar sem tengingar eða tengigreinar eru fyrir hendi, er skylt að leggja og tengja, á sinn kostnað frárennislagnir frá eignum sínum við þær. Þar sem fráveitukerfið er tvískipt skulu húseigendur hafa skólþ og ofanvatn í aðskildum lögnum. Ræsivatn og affallsvatn hitaveitu skal leiða í ofanvatnslagnir.

10. gr.

Óheimilt er að veita fráveituvatni í fráveitu Hveragerðis, er valdið getur skemmdum á henni eða truflað rekstur hennar að mati skipulags- og byggingarfulltrúa og/eða Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þannig má ekki veita í fráveituna vökvum sem innihalda mikið af fitu, súrum vökvum, vökvum sem eru heitari en 40°C, mælt í götubrunni, olíu, bensíni, eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af.

Óheimilt er að veita affalli hitaveitu eða ómengduðu vatni, sem eingöngu hefur verið notað til kælingar s.s. í iðnaði eða verslun í lagnir tvískipts fráveitukerfis.

Fráveitukerfi lóðarhafa skulu búin til þess gerðum skiljum til aðskilnaðar á óæskilegum efnum úr fráveituvatninu eftir því sem við á s.s. sand-, fitu- og olíuskiljum. Sandskiljur skulu vera á stöðum eins og bílaþvottastöðum, fitugildirur skulu vera við matvælafyrirtæki, hótél, veitingahús og verslanir þar sem matvæli eru elduð og olíugildirur skulu vera við bílaþvottastöðvar, bensinstöðvar, bifreiðaverkstæði og þar sem unnið er reglulega við bifreiðaviðgerðir.

11. gr.

Þegar tengja á fráveitulagnir húseigna eða lóðarhafa við fráveitu Hveragerðis eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé annars ekki kostur, skal það gert samkvæmt teikningum samþykktum af byggingarfulltrúa. Verkið skal unnið af löggiltum pípu- og vélum.

Af rotþró skulu vera teikningar sem sýna gerð þeirra og staðarval og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

Rotþró skal valinn staður þar sem auðvelt er að komast að þeim með tæki til hreinsunar.

Öll hönnun og frágangur rotþróa og siturlagna skal vera í samræmi við ritið „Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir“, sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

12. gr.

Hveragerðisbær sér um að tæma allar rotþrær í Hveragerði í samræmi við 1. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Seyra úr rotþróum skal losuð á samþykktum förgunarstað og er tæming þróna og meðhöndlun seyrunnar einungis heimil þeim sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Tæming rotþróa fer að jafnaði fram einu sinni á ári. Til að standa undir kostnaði við verkið skal eigandi rotþróar greiða árlegt rotþróargjald. Gjaldið skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Óski lóðarhafi eftir að rotþró hans sé tæmd oftari en einu sinni á ári þá greiðir hann allan kostnað sem af því hlýst.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að kostnaður við tæmingu rotþróar er óvenju hár eða aðstæður krefjast aukinnar þjónustu fráveitunnar.

13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 292/1964 um holræsi í Hveragerðishreppi í Árnassýslu.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2011.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.